

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um stöðu framkvæmda í Reykjavík
vegna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hefur snjallvæðing umferðarljósa eða aðrar nýjar tæknilausnir verið innleiddar í Reykjavík í samræmi við ákvæði samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins?
2. Hver er staðan á breytingu gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar?
3. Hver er staðan á lagningu Arnarnesvegur og gatnamóta við Breiðholtsbraut?
4. Hvenær má vænta þess að uppbygging hefjist í Keldnalandi?
5. Hvernig hefur leiðakerfi Strætós verið bætt í Reykjavík frá undirritun samgöngusáttmálans árið 2019?